



Barnabóli 2. mars 2005

Kæru foreldrar

Hér lítur dagsins ljós 2. fréttabréf Barnabóls árið 2005. Það fer að styttest í að myndverkasýningin okkar í Landsbankanum verði tekin niður. Starfsfólk bankans hefur sagt mér að hún hafi vakið athygli og fengið hrós sem skemmtileg sýning.

Dans

Dansinn dunar hér annan hvern fimmtudag, börnin eru að læra dansspor og æfa sig með Lindu danskennara sem segir að þeim fara vel fram. Yngstu börnin eru kannski ekki alveg að ná „réttu“ danssporunum en hver gerir eins og hann getur og mestu máli skiptir að allir séu með og njóti dans stundanna.

Samstarf Tónlistarskólans og leikskólans

Nú hafa nemendur Tónlistarskólans komið í tvær heimsóknir og kynnt hljóðfræðin sín, spilað á þau og spilað undir söng hjá okkur. Þetta hafa verið afar ánægjulegar stundir og það er búið að kynna fyrir okkur: blokkflautur, klarinett og harmónikku. Næsta heimsókn er mánudaginn 7. mars.

Börnin á leikskólanum

Alls eru 43 börn á leikskólanum og allar deildir fullar. Systurnar Edda Lilja og Katrín Eva hættu á Barnabóli 1. mars og fluttu með fjölskyldu sinni til Akraness og óskum við þeim öllum alls hins besta. Af biðlista komu inn Hekla Guðrún Þrastardóttir um 21. mánaða og Ólafur Halldórsson um 20 mánaða og bjóðum við þau velkomin.

Nám og starfsmannahald

Sessý og Lilja voru í staðbundnu námi við KHÍ dagana 23.-25. febrúar og hafa þá lokið innilotum þar til eftir sumarfrí. Guðlaug er í fjarnámi alla föstudaga. Súsanna Þórhallsdóttir er byrjuð í afleysingum og Agnes er hætt í bili og komin í aðra vinnu.

Mánaðarskipulagið fyrir mars og apríl

Það er oftast líf og fjör í leikskólanum, og eins og þetta mánaðarskipulag ber með sér erum við heilmikið að fjalla um dýrin í nánasta umhverfi okkar. Við erum t.d. svo heppinn að fá reglulegar heimsóknir Krumma sem fljúga í kringum leikskólann. Oft sjáum við Krumma setjast á stóra steininn á snjómönninni og þá byrja börnin að syngja Krummavísurnar fyrir hann sem við höldum að honum líki bara vel. Við stefnum á að fara í nokkrar rannsókniferðir í mars og apríl, m.a. til að skoða kindur og hesta, fugla í fjörunni og á túni, og þegar skordýrin vakna til lífsins í vor förum við af stað með stækkunargler og krukku.

Grunnskólaheimsóknir

5 ára börnin, elsti árgangur leikskólans, fer í Höfðaskóla 3. og 4. mars og 28. og 29. apríl. Þau enda heimsóknirnar á að vera í þriggja daga vorskóla í maí.

Skipulagsdagur

Skipulagsdagur er áætlaður seinnihlutann í apríl, en því miður hef ég ekki dagsetninguna ennþá, trúlega verður hann á föstudegi. Starfsfólkið leggur land undir fót og kynnir sér starf á 1-2 leikskólum á Reykjarvíkursvæðinu.

Listi yfir leikskólalögin úr söngbókinni sem við erum m.a. að syngja



Bls. 1 Dagarnir - Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur
Bls. 13 Frost er úti fuglinn minn
Bls. 17 Krummavísur
Bls. 31 Það sem er bannað - Það má ekki pissa bak við hurð
Bls. 33 Afi minn og amma mín og afi minn fór á honum rauð
Bls. 34 Fljúgja hvítu fiðrildin
Bls. 43 Fimm litlir apar
Bls. 61 Nú skulum við syngja um fiskana tvo
Bls. 62 Gulur, rauður, grænn og blár
Bls. 71 Mánuðirnir - Janúar, febrúar, mars, apríl

F. h. eru eldri börnin að syngja lag um vin sinn Varða og læt ég textann fylgja með þar sem hann er ekki í söngbókinni.

Vinur minn hann Varði

Í grasinu út í garði
býr vinur minn hann Varði
Takk fyrir mig
hann er ekki hár í loftinu
en hugrakkur fyrir því.

Einnig eru þau að æfa góða borðsiði
og nota Tákni með tali tákni um leið og
þau segja: „Takk fyrir mig og verði
ykkur að góðu.“ Síðan syngja þau
og haldast í hendur:

Svo mjög er hann mikill sjóður
af visku og drengur góður
því ráð hefur hann undir rífi hverju

Takk fyrir matinn
hann var góður.
Algjört æði, súper fæði
takk fyrir matinn, takk.

Klappa 4x

Hann skilur mig
enginn skilur mig
skemmtir mér þegar svo ber við
og skynjar um leið
ef ég er döpur eða dofinn
Hann er stoð þegar eitthvað bjátar á
sér það sem aðrir ekki sjá
og sendir mér hlýja strauma
vakandi eða sofinn.

Ef ykkur vantar að vita hvaða lag á
að nota getur barnið ykkar örugglega
kennt ykkur það.

Ég stend oft alein og spyr hann
í skotinu út við gluggann
því ráð hefur hann
undir rífi hverju.

Það færi vel ef allir ættu sér
sinn Varða ef eitthvað útaf ber
hver veit nema leynist einmitt
einn í þínum garði.

Kær kveðja frá starfsfólki leikskólans
Þórunn leikskólástjóri